



BREYTINGAR Á AÐALSKIPULAGI DALABYGGÐAR 2004-2016

Skipulags- og matslýsing

15.11.2017



Dalabyggð



ÚTGÁFUSAGA

| NR. | HÖFUNDUR | DAGS. | RÝNT | DAGS. | SAMÞYKKT | DAGS. |
|-----|---|----------|--|----------|----------|----------|
| 01 | Kamma Dögg Gísladóttir / Ásgeir Jónsson Lýsing | 10.11.17 | Bogi Kristinsson / Kristján Arnarsson | 13.11.17 | | 00.00.17 |
| 02 | | | | | | |
| | | | | | | |
| | | | | | | |
| | | | | | | |

| | | |
|------------|--|-----------|
| 1.1 | Skipulags- og matslýsing | 5 |
| 2 | BREYTINGARNAR | 6 |
| 2.1 | Aðdragandi og tilgangur breytinganna | 6 |
| 2.1.1 | Efnistökusvæði í landi Hvítadals í Hvolsdal | 6 |
| 2.1.2 | Vindorkugarður við Hróðnýjarstaði | 6 |
| 2.1.3 | Iðnaðarsvæði fyrir gagnaver og fleira | 6 |
| 2.1.4 | Íbúðarsvæði í Búðardal | 6 |
| 2.1.5 | Stækkun verslunar- og þjónustusvæðis í Búðardal | 6 |
| 2.1.6 | Frístundasvæði í landi Hlíðar í Hörðudal | 7 |
| 2.1.7 | Stækkun byggðarlínu | 7 |
| 2.2 | Viðfangsefni og markmið | 7 |
| 2.2.1 | Efnistökusvæði í landi Hvítadals í Hvolsdal. | 7 |
| 2.2.2 | Vindorkugarður við Hróðnýjarstaði | 8 |
| 2.2.3 | Iðnaðarsvæði fyrir gagnaver og fleira | 8 |
| 2.2.4 | Íbúðarsvæði í Búðardal | 9 |
| 2.2.5 | Stækkun verslunar- og þjónustusvæðis í Búðardal | 10 |
| 2.2.6 | Frístundasvæði í landi Hlíðar í Hörðudal | 11 |
| 2.2.7 | Stækkun byggðarlínu | 11 |
| 2.3 | Tengsl við aðrar áætlanir | 11 |
| 2.3.1 | Landsskipulagsstefna | 12 |
| 2.3.2 | Gildandi aðalskipulag | 12 |
| 3 | MATSLÝSING | 14 |
| 3.1 | Matsskylda áætlunarinnar | 14 |
| 3.2 | Tengsl við aðrar áætlanir | 14 |
| 3.3 | Umhverfismatið | 14 |
| 3.4 | Valkostir | 15 |
| 3.5 | Umhverfisþættir og áherslur | 15 |
| 4 | SKIPULAGS – OG MATSFERLIÐ | 17 |
| 4.1 | Ferlið | 17 |
| 4.2 | Umsagnaraðilar | 17 |
| 4.3 | Samráðsaðilar innan stjórnsýslu Dalabyggðar | 18 |



1 ALMENNT

Hér er sett fram sameiginleg skipulags- og matslýsing fyrir 7 breytingar á aðalskipulagi Dalabyggðar 2004- 2016 samkvæmt 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingarnar sjö eru eftirfarandi:

1. Efnistökusvæði í landi Hvítadals í Hvolsdal.
2. Vindorkugarður við Hróðnýjarstaði.
3. Iðnaðarlóð fyrir gagnaver og fleira.
4. Íbúðarsvæði í Búðardal.
5. Stækkun verslunar- og þjónustusvæði í Búðardal
6. Frístundasvæði í landi Hlíðar í Hörðudal
7. Stækkun byggðalínu

1.1 Skipulags- og matslýsing

Tilgangurinn með gerð skipulagslýsingar er að tryggja aðkomu almennings og hagsmunaaðila að skipulagsferlinu á fyrstu stigum þess, auka gagnsæi, tryggja betra upplýsingaflæði, skila betri og markvissari skipulagsvinnu og gefa sveitarstjórnnum og þeim sem koma að ferlinu betri yfirsýn allt frá fyrstu skrefum.

Samkvæmt 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 skal sveitarstjórn taka saman lýsingu á skipulagsverkefni. Í lýsingu skal koma fram hvaða áherslur sveitarstjórn hafi við aðalskipulagsgerðina, upplýsingar um forsendur, fyrirbyggjandi stefnu og fyrirhugað skipulagsferli. Samkvæmt gr. 4.2.2. í skipulagsreglugerð nr. 90/2013 skal sameina gerð skipulagslýsingar og matslýsingar um umfang og áherslur í umhverfismati aðalskipulagsins sbr. 2. mgr. 6. gr. laga nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana.

Með skipulags- og matslýsingu þessari er íbúum og öðrum hagsmunaaðilum gefinn kostur á að koma með ábendingar og athugasemdir sem snúa að málefnum aðalskipulags og komandi skipulagsvinnu.



2 BREYTINGARNAR

2.1 Aðdragandi og tilgangur breytinganna

2.1.1 Efnistökusvæði í landi Hvítadals í Hvolsdal

Til stendur að hefja breikkun og endurbætur á Vestfjarðavegi (60-09) um Hvolsdal á milli Fremri-Brekku og Skriðulands á um 5,7 km löngum kafla. Núverandi hluti vegarins stenst ekki kröfur veghönnunarreglna og hefur því Vegagerðin sótt um framkvæmdarleyfi vegna efnistöku til endurbyggingar vegarins úr áreyrum Húsár. Áformað er að heildarefnisþörf til verksins sé 97.300 m³ og áætlað er að taka allt að 20.000 m³ af efni úr áreyrum Húsár. Fyrirhuguð efnistaka úr Húsá er því um 1/5 heildarefnistöku verksins. Leyfi landeiganda liggur þegar fyrir. Næstu námur skv. aðalskipulagi eru í landi Sælingstungu á vatnsverndarsvæði í Svíndal(E40) í um fjarlægð frá Húsá og í landi Ytri-Fagradals(E63) í um 18 km fjarlægð frá Húsá.

2.1.2 Vindorkugarður við Hróðnýjarstaði

Storm orka ehf. áformar að reisa vindorkugarð með 30-40 vindmyllum í landi Hróðnýjarstaða. Áætlað er að virkja 130 MW af raforku á svæðinu og mun hver vindmylla vera á milli 3-5 MW að stærð. Heildarlandþörf verkefnisins verður um 600 ha.

2.1.3 Iðnaðarsvæði fyrir gagnaver og fleira

Áformað er að í Búðardal rísi gagnaver. Sveitarfélagið undirbýr málið með því að finna hentugt landsvæði undir gagnverið þar sem hætta á náttúruvá sé í lágmarki þ.e.a.s ekki stafi hætta af t.d. jarðskjálftum, flóðbylgjum, snjóflóðum og skriðuföllum. Á fyrirhugaðri lóð verður einnig möguleika fyrir aðra iðnaðarstarfsemi.

2.1.4 Íbúðarsvæði í Búðardal

Til stendur að auka fjölbreytni á framboði íbúðarhúsnæðis í Búðardal fyrir ódýrari byggingarkosti s.s. rað- og parhús. Sveitarfélagið bregst við þeim þörfum með því að finna hentugt svæði fyrir nýtt íbúðarsvæði í Búðardal.

2.1.5 Stækkun verslunar- og þjónustusvæðis í Búðardal

Vegna stóraukinnar umferðar um Vestfjarðaveg og aukinni eldsneytissölu áformar sveitarfélagið að stækka verslunar- og þjónustusvæðið í Búðardal.



2.1.6 Frístundasvæði í landi Hlíðar í Hörðudal

Áformað er uppbygging frístundabyggðar í landi Hlíðar í Hörðudal. Ekki liggur fyrir deiliskipulag af svæðinu.


2.1.7 Stækkun byggðarlínu

Til að renna styrkari stoð undir uppbyggingu í sveitarfélaginu telur sveitarfélagið að gera þurfi ráð fyrir að byggðarlínan í gegnum sveitarfélagið verði styrkt.

2.2 Viðfangsefni og markmið

2.2.1 Efnistökusvæði í landi Hvítadals í Hvolsdal.


Megin markmið með breytingunni er að staðsetja nýtt námusvæði í landi Hvítadals eða nánar tiltekið í áreyrum Húsá. Í tillögu að aðalskipulagsbreytingunni verður sett inn staðsetning á efnistökusvæðinu á skipulagsuppdrætti ásamt því að bæta námunni í yfirlitstöflu yfir efnistökusvæði í greinargerð Aðalskipulags Dalabyggðar 2004-2016. Megin markmið með breytingunni er því að lög skilgreina efnisnámu sem nýtist í efnisþörf endurbyggingar á þessum hluta Vestfjarðavegar. Enduruppbygging á eftir að auka öryggi vegfarenda þar sem núverandi vegur er ekki nógu breiður og einnig eru vegfláar víða of brattir og blindhæð á veginum.



MYND 1. Möguleg staðsetning námusvæðis á aðalskipulagsuppdrætti merkt með rauðri punktalínu.

2.2.2 Vindorkugarður við Hróðnýjarstaði

Megin markmið með breytingunni er að afmarka nýtt iðnaðarsvæði í landi Hróðnýjarstaða. Landnotkun verður því breytt úr landbúnaðarsvæði í iðnaðarsvæði á allt að 600 ha svæði. Svæðið verður tekið frá fyrir vindorkugarð og verður utan við ræktuð tún og starfsemi sauðfjárbúsins sem þar er. Vakin er athygli á því að vindorkugarðurinn er háður endurbótum á byggðarlínunni.



MYND 2. Möguleg staðsetning iðnaðarsvæðis við Hróðnýjarstaði á aðalskipulagsupprætti merkt með rauðri punktalínu.

2.2.3 Iðnaðarsvæði fyrir gagnaver og fleira

Megin markmið með breytingunni er að staðsetja nýtt iðnaðarsvæði fyrir gagnaver í Búðardal þar sem einnig verður gert ráð fyrir annarri iðnaðarstarfsemi. Reiturinn er óbyggður og því svigrúm fyrir nýbyggingar, sem falla að nýtingu svæðisins. Reiturinn liggur vel við samgöngum, er lítt áberandi og er í námunda við dreifikerfi raforku. Verði þörf á verður varaafstöð staðsett innan svæðisins. Stuðlað verður að aðlaðandi ásýnd svæðisins og áhersla á vandaðan frágang. Tenging þarf að vera frá núverandi raforkuflutningskerfi og mun útfærsla ráðast af orkuþörf og kröfum gagnaversins.



MYND 3. Möguleg staðsetning íbúðarsvæðis merkt með rauðri punktalínu.

2.2.4 Íbúðarsvæði í Búðardal

Megin markmið með breytingunni er að staðsetja nýtt íbúðarsvæði í Búðardal fyrir ódýrari byggingarkosti í fremur litlum íbúðum í rað- og parhúsum. Skoðaður hefur verið valkostur að stækka íbúðarsvæði við Borgarbraut til að nýta betur núverandi vega- og gatnakerfi.



MYND 4. Möguleg staðsetning fyrir nýtt íbúðarsvæði við Borgarbraut merkt með rauðri punktalínu.

2.2.5 Stækkun verslunar- og þjónustusvæðis í Búðardal


Markmið með breytingunni er að stækka verslunar- og þjónustusvæði austan Vesturbrautar, suður að Hófatúni svo tryggja megi áframhaldandi uppbyggingu svæðisins.



MYND 5. Möguleg staðsetning verslunar- og þjónustusvæðis merkt með rauðri punktalínu.

2.2.6 Frístundasvæði í landi Hlíðar í Hörðudal

Megin markmið með breytingunni er að staðsetja frístundabyggð í landi Hlíðar í Hörðudal. Á svæðinu verða frístundahús, gestahús og móttökuhús á um 6 ha svæði. Hluti svæðisins verður skilgreint sem verslunar- og þjónustusvæði fyrir þjónustu- og móttökuhús.



MYND 6. Möguleg staðsetning frístundabyggðar í landi Hlíðar merkt með rauðri punktalínu.

2.2.7 Stækkun byggðalínu

Núverandi byggðarlína er í tveimur hlutum beggja vegna tengivirkis í Glerárskógum n.t.t. Geirdalslína 1 og Glerárskógalína með 132 kV spennu. Gert er ráð fyrir að línan verði styrkt og spenna hækkuð í 220 kV í gegnum sveitarfélagið.

2.3 Tengsl við aðrar áætlanir

Gæta þarf samræmis á milli skipulagsstiga og annarra áætlana. Horft verður til áhersla og stefnumiða í eftirfarandi stefnum.



2.3.1 Landsskipulagsstefna

Í Landsskipulagsstefnu er eftirfarandi stefna mörkuð um orkumannvirki:

„2.5.1 Orkunýting og raforkuflutningur í skipulagsáætlunum

Við skipulagsgerð sveitarfélaga verði tekin afstaða til möguleika á orkuframleiðslu með vatnsafli, jarðvarma og vindorku í sátt við náttúru og samfélag. Skipulagsákvæðanir um raforkuflutningsmannvirki geri kleift að tryggja örugga afhendingu raforku, um leið og tekið er tillit til áhrifa á náttúru og landslags. Við skipulagsákvæðanir um nýja orkuvinnslukosti og lagningu raflína verði lagt mat á umhverfisáhrif, þar á meðan sjónræn áhrif, og leitast við að velja þann kost sem valdi minnstum neikvæðum umhverfisáhrifum.“

Í Landsskipulagsstefnu er eftirfarandi stefna mörkuð um skipulag þéttbýlis:

„3.2.2 Hagkvæm uppbygging

Í skipulagsáætlunum sveitarfélaga veðri mörkuð stefna um uppbyggingu íbúðar- og atvinnuhúsnæðis sem taki mið af fyrrsjáanlegum þörfum samfélagsins og lýðræðislegum breytingum til framtíðar. Stuðlað verði að fjölbreyttum húsnæðiskostum, svo sem hvað varðar húsagerðir og stærðir. Tryggt verði fjölbreytt og sveigjanlegt húsnæði sem stuði að félagslegri fjölbreytni og í því samhengi verði hugað sérstaklega að framboði á húsnæði fyrir alla tekjuhópa.“

Í Landsskipulagsstefnu er eftirfarandi stefna mörkuð um skipulag í dreifbýlis:

„2.2.1 Byggð falli að landslagi og náttúru

Skipulagsáætlunir sveitarfélaga marki stefnu um gæði og yfirbragð byggðar og annarra mannvirkja í dreifbýli. Skipulagsákvæðanir um staðsetningu og hönnun nýrra mannvirkja í dreifbýli taki mið að byggingarhefðum, landslagi og staðháttum. Um leið verði gætt að hagkvæmni varðandi samgöngur og veitur og að byggð gangi ekki að óþörfu á svæði sem eru verðmæt til landbúnaðar eða vegna náttúruverndar. Við skipulag frístundabyggðar verði almennt miðað að afmörkuðum en samfelldum frístundabyggðarsvæðum sem gefi notendum þeirra kost á góðum tækifærum til útiveru um leið og gætt er að því að frístundabyggðin skerði ekki mikilvæg eða viðkvæm svæði með tilliti til landbúnaðar eða náttúruverndar. Flokkun landbúnaðarlands, landslagsgreining og vistgerðaflokkun verði lögð til grundvallar skipulagsákvörðunum.“

2.3.2 Gildandi aðalskipulag

Í gildandi aðalskipulagi er meðal annars markmið fyrir samgöngur og efnistökusvæða eftirfarandi:

„Leitað verði hagkvæmustu lausna í vegagerð og stuðlað að umferðar- og rekstraröryggi og sam tengingu byggðar, m.a. vegna skólaaksturs og atvinnu utan býla.“

„Séð verði fyrir nægu framboði efnistökusvæða fyrir ýmiss konar byggingarstarfsemi.“



„Ef vinnslutími er stuttur er æskilegt að velja efnistökusvæði fyrst og fremst með tilliti til þess hversu auðvelt er að ganga frá að efnistöku lokinni á kostnað annarra þátta eins og sýnileika frá fjölförnum stöðum.“

Í gildandi aðalskipulagi er markmið um uppbyggingu iðnaðarsvæða eftirfarandi:

„Stuðlað verði að uppbyggingu iðnaðarsvæða til að renna styrkari stoð undir byggð á svæðinu.“

„Samhliða deiliskipulagi skal skrá fornminjar á viðkomandi svæði og leita umsagnar Forleifavernd ríkisins.“

Í gildandi aðalskipulagi er markmið um uppbyggingu verslunar- og þjónustusvæða eftirfarandi:

„Stuðlað verði að auknum atvinnutækifærum á sviði verslunar- og þjónustu. Gert er ráð fyrir að svæðin geti eflst og þannig rennt styrkari stoðum undir byggð á svæðinu.“

Í gildandi aðalskipulagi er markmið um uppbyggingu íbúðarsvæða eftirfarandi:

„Komið verði til móts við mismunandi þarfir íbúa með fjölbreyttu framboði íbúðagerða og lóða.“



3 MATSLÝSING

Þessi lýsing gerir grein fyrir 7 breytingum á aðalskipulagi, sumar falla undir lög nr. 105/2006 og aðrar ekki. Því er einnig sett fram matslýsing samkvæmt lögum nr. 105/2006 og samkvæmt skipulagsreglugerðar nr. 90/2013. Í kaflanum er gerð grein fyrir hvernig staðið verður að umhverfismatinu og helstu áherslum matsvinnunnar.

3.1 Matsskylda áætlunarinnar

Breytingarnar falla sumar undir lög nr. 105/2006 þar sem þær marka stefnu um framkvæmdir sem tilgreindar eru í viðauka 1 í lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000. Mögulegar framkvæmdir sem falla undir þennan flokk eru m.a.;

- Efnistaka og/eða haugsetning á landi eða út hafsbotni þar sem áætlað er að raska minna en 25.000m² svæði eða efnismagn er minna en 50.000m³ skv. lið 2.04 í 1. viðauka lag nr.106/2000.
- Stöðvar sem nýta vindafli til raforkuframleiðslu(vindbú) með 2 MW uppsett rafafli eða meira skv. lið 3.24 í 1. viðauka laga nr.106/2000.

Umhverfismat áætlana er unnið samhliða skipulagsgerð með þátttöku skipulagsnefndar. Með því móti nýtist umhverfismatið best í þeim tilgangi að taka tillit til umhverfissjónarmiða og stuðla að óskertum eða bættum umhverfisgæðum fyrir þá sem nýta svæðin.

Umhverfismatinu er ætlað að:

- Nýtast við ákvarðanatöku í skipulagsvinnunni.
- Upplýsa um möguleg umhverfisáhrif stefnunnar.
- Undirbyggja og rökstyðja ákvarðanatöku í skipulagsgerð.
- Aðstoða við val á milli skipulagskosta með samanburði á umhverfisáhrifum þeirra.

Í skipulagsgerðinni er umhverfismat áætlana jafnframt mikilvægt til að tryggja samræmi á milli stefnumiða í mismunandi málaflokkum skipulagsins og tryggja að umhverfismarkmiðum sveitarfélagsins sé haldið á lofti.

3.2 Tengsl við aðrar áætlanir

Í umhverfisskýrslu fyrir breytingarnar verður gerð grein fyrir tengslum og samræmis við aðrar áætlanir og stefnur í samræmi við lið a. í 6 gr. laga um umhverfismat áætlana. Helstu stefnur og áætlanir má sjá í kafla 2.3.

3.3 Umhverfismatið

Matsvinnan fer fram samhliða vinnslu við gerð greinargerðar og uppdráttu til að stuðla að því að umhverfissjónarmið séu ávallt uppi við mótun tillögu að breyttu aðalskipulagi.



Í skipulagsgerð er umhverfismat áætlana jafnframt mikilvægt til að tryggja samræmi á milli stefnumiða í mismunandi málaflokkum skipulagsins og tryggja að umhverfismarkmiðum sveitarfélagsins sé haldið á lofti í skipulagsgerðinni. Niðurstaða umhverfismatsins nýtist því til að bregðast við hugsanlega neikvæðum umhverfisáhrifum með breytingu á stefnu eða mótun á mótvægisáðgerðum. Umhverfismatið mun byggja á fyrirliggjandi upplýsingum grunnástand umhverfis.

3.4 Valkostir

Einungis er fjallað um breytt skipulag og það borið saman við núllkost, sem er að ekkert verður aðhafst og engin frekari uppbygging verði á þessum svæðum. Til greina kemur að meta aðra valkosti fyrir einhverjar breytingar en á þessu stigi liggja ekki aðrir kostir fyrir. Umhverfismatið verður nýtt til að meta hvort aðrir kostir komi til greina.

3.5 Umhverfisþættir og áherslur

Í umhverfismatinu verða skoðuð áhrif á umhverfisþættina sem sýndir eru í töflu 1 og þeir metnir í samræmi við stefnuskjöl og viðmið. Yfirlit yfir meginspurningar í umhverfismatinu er að finna í töflu 1. Í umhverfismati fyrir breytingarnar verða sett viðmið fyrir hvern umhverfisþátt. Viðmiðin verða sett með tilliti til stefnuskjala Hornafjarðar ásamt settum markmiðum sveitarfélagsins í samfélags- og umhverfismálum auk viðmiða í opinberum stefnuskjöllum, lögum eða alþjóðlegum skuldbindingum.

Framsetning á niðurstöðu matsins verður í formi greinargerðar og/eða yfirlitstafla.

TAFLA 1. Umhverfisþættir og helstu matsspurningar.

| UMHVERFISÞÁTTUR | MATSSPURNING | VIÐMIÐ |
|---------------------------|---|---|
| Jarðfræði og jarðmyndanir | Munu breytingarnar fela í sér áhrif á jarðmyndandir sem njóta verndar eða þykja sérstæðar? | Náttúruverndarlög nr.60/2013, IV.kafli og V.kafli |
| Gróður og dýralíf | Munu breytingarnar hafa áhrif á gróður og dýralíf – vistsvæði og plöntutegundir? | Náttúruverndarlög nr.60/2013, V.kafli Úttekt á gróðurfari og fuglalífi – Náttúrustofnun Íslands. Umsögn – Veiðimálastofnun. |
| Landnotkun | Munu breytingarnar hafa áhrif á framboð landbúnaðarlands? Munu breytingarnar hafa áhrif á notkun svæða til útivistar? Munu breytingarnar hafa áhrif á verndarsvæði? | Aðalskipulag Dalabyggðar 2004-2016 |
| Ásýnd og landslag | Munu breytingarnar hafa áhrif á ásýnd svæða? Munu breytingarnar hafa sjónræn áhrif? Munu breytingarnar hafa áhrif á náttúrulegt landslagi? | Náttúruverndarlög nr.60/2013, 69 gr. |
| Samfélag | Munu breytingarnar hafa áhrif á atvinnu í sveitarfélaginu? Munu breytingarnar hafa áhrif á fólksfjölgun á svæðinu? Hafa breytingarnar áhrif á efnahags- og félagslegt umhverfi? | Aðalskipulag Dalabyggðar 2004-2016 |



| UMHVERFISÞÁTTUR | MATSSPURNING | VIÐMIÐ |
|---------------------|--|---|
| Minjar | Munu breytingarnar hafa áhrifa á friðlýstar fornminjar? Munu breytingar hafa áhrif á friðlýstar náttúruminjar ? | Lög nr.80-2012 um menningarminjar |
| Náttúruvá og öryggi | Er hættu á náttúruvá þar sem breytingarnar eru fyrirhugaðar? Munu breytingarnar hafa áhrif á umferðaröryggi? | Saga svæðisins varðandi náttúruvá. Vegalög nr.80/2007. |



4 SKIPULAGS – OG MATSFERLIÐ

Með kynningu skipulags- og matslýsingar þessari er umsagnaraðilum, hagsmunaaðilum og almenningi gefinn kostur á að leggja fram sjónarmið og ábendingar sem að gagni gætu komið við mótun breytinganna.

Skipulags- og matslýsingin verður kynnt með auglýsingu í blöðum/dreifiritum og á vef Dalabyggðar <http://www.dalabyggd.is>. Lýsingin mun liggja frammi á vefsíðu sveitarfélagsins og á skrifstofu þess að Miðbraut 11, 370 Búðardal.

Á kynningartíma verður almenningi og umsagnaraðilum gefinn kostur á að koma með ábendingar og sjónarmið um fyrirhugaðar breytingar. Þær skulu vera skriflegar og berast í síðasta lagi 13.janúar 2018 á skrifstofu Dalabyggðar, Miðbraut 11, 370 Búðardal, eða á netfangið byggingarfulltrui@dalir.is

Gert er ráð fyrir að leggja fram tillögu að breyttu aðalskipulagi í nokkrum breytingum sem verða kynntar og auglýstar á næstu mánuðum. Tillögur að breyttu aðalskipulagi eru misviðamiklar og því er óvíst þær verði samtímis í lögformlegu ferli.

4.1 Ferlið

Eftirfarandi eru drög að skipulagsferlinu, ekki er sett tímalína fyrir breytingarnar þar sem þær koma ekki til með að vera keyrðar áfram í lögformlega ferlinu samtímis. Tímaramminn mun vera u.þ.b. frá desember 2017 til maí 2018.

- Skipulags- og matslýsing tekin fyrir í skipulagsnefnd og send Skipulagsstofnun og umsagnaraðilum til umsagnar. Lýsingin verður kynnt almenningi skv. 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Gefinn verður mánaðar frestur til að skila inn athugasemdum.
- Tillögur að breyttu aðalskipulagi verða kynntar (sbr.2.mgr. 30 gr. skipulagslaga) með auglýsingu og á heimasíðu sveitarfélags, eftir atvikum á opnu húsi áður en þær verða samþykktar til auglýsingar í skipulagsnefnd/sveitarstjórn.
- Tillaga að breytingum tekin fyrir í sveitarstjórn að undangenginni umræðu í skipulagsnefnd og endanleg tillaga samþykkt til auglýsingar skv. 3. mgr. 30. gr. skipulagslaga. Skipulagsstofnun hefur allt að 4 vikum til að gera athugasemdir við tillögu að breyttu aðalskipulagi.
- Tillaga auglýst skv. 1. mgr. 31 gr. skipulagslaga. Gefinn verður 6 vikna frestur til þess að skila inn athugasemdum.
- Tillaga afgreidd í sveitarstjórn að undangenginni umræðu skipulagsnefndar með breytingum sem athugasemdir kunna að gefa tilefni til og send Skipulagsstofnun skv. skipulagslögum
- Gildistaka aðalskipulagsbreytinga auglýst í B- deild stjórnartíðinda.

4.2 Umsagnaraðilar

Sérstaklega verður óskað eftir umsögnum frá eftirtöldum aðilum við þessa skipulags- og matslýsingu og á öðrum stigum í skipulagsferlinu.



- Skipulagsstofnun
- Umhverfisstofnun
- Vegagerðin
- Veðurstofa Íslands
- Heilbrigðiseftirlit Vesturlands
- Minjastofnun Íslands
- Náttúrustofa Vesturlands
- Náttúrufræðistofnun Íslands
- Fiskistofa
- Breiðafjarðarnefnd
- Orkustofnun
- Landsnet
- Aðliggjandi sveitarfélög: Húnaþing vestra, Borgarbyggð, Reykhólahreppur, Strandabyggð.

4.3 Samráðsaðilar innan stjórnsýslu Dalabyggðar

Eftirtaldar nefndir verða beðnar að gefa umsögn um skipulagstillögunar eftir þörfum:

- Sveitarstjórn
- Umhverfis- og skipulagsnefnd